

**Nd.**

**244. Frumvarp til laga**

**[228. mál]**

um Kjaradóm.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins. Fjármálaráðherra skipar einn dómanda. Félagsmálaráðherra skipar einn dóm-  
anda. Sömu aðilar skipa varadómendur. Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.

2. gr.

Kjaradómur ákveður launakjör þeirra sem hér greinir:

Biskups Íslands, borgardómara, borgarfégeta, bæjarfégeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmanns, ríkisaksóknara, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, skrifstofustjóra Alþingis, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfégeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara.

3. gr.

Kjaradómur skal og ákveða um laun og starfskjör þeirra sem honum er falið með öðrum lögum.

4. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

5. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

6. gr.

Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í launum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.

7. gr.

Kostnaður við Kjaradóm, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun fjármálaráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Sýslumenn, bæjarfégetar og aðrir uppboðshaldarar skulu, meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í, eiga rétta á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með samþykkt þess frumvarps falla úr gildi lög nr. 62/1985 en í þeim eru þau lagaákvæði sem starf Kjaradóms byggist á.

Í frumvarp þetta eru tekin upp úr framangreindum lögum þau efnisatriði sem nauðsynleg eru til að dómurinn geti starfað með því breytta verksviði sem leiðir af frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna en þar er felld niður lögbinding á hlutverki Kjaradóms í kjaradeilum ríkisins við stéttarfélög starfsmanna þess.

Samkvæmt frumvarpi þessu er Kjaradómi ætlað það verkefni að dæma æðstu embættismönnum laun eins og verið hefur. Við þann hóp hefur verið bætt sex starfsheitum.

Auk þessa hóps hefur Kjaradómi verið falið verkefni með öðrum lögum og eins þykir rétt að til sé dómstóll sem þessi sem unnt er að fela að skera úr um kjaradeilu með sérstökum lögum eða samkomulagi aðila að deilunni.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Vegna brottfalls samtaka starfsmanna er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið tilnefni einn dómara en tilnefning annarra er óbreytt.

Um 2. gr.

Lögbundið verksvið dómsins er óbreytt hvað embættismenn varðar að öðru leyti en því að í greinina er bætt landlækni, yfirdýralækni, ríkislögmanni, rektor Kennaraháskóla Íslands, skrifstofustjóra Alþingis og ríkisendurskoðanda. Hinn síðast nefndi hefur verið í hópi ráðuneytisstjóra en staða hans breytist um n.k. áramót. Burt er fellt starfsheitið ríkisskattanefndarmaður sem hefur það starf að aðalstarfi. Ástæða brottfellingarinnar er sú að starf þetta á í þessu samhengi ekki samleið með þeim embættum sem upp eru talin í greininni en á sér hins vegar hliðstæður innan þeirra félaga sem með samningsumboð fara.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða ákvæðum í lögum nr. 62/1985.

Um 6. gr.

Í greininni eru almenn leiðbeiningarákvæði um störf dómsins en að öðru leyti er gert ráð fyrir að hann móti starfsreglur sínar og starf sjálfur.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða gildandi lagaákvæði.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er óbreytt frá bráðabirgðaákvæði laga nr. 62/1985.